

Hraunstígur 2, viðbygging – fyrirspurn 1806212

Sveinn Bjarki Þórarinnsson sendir inn fyrirspurn um byggingu viðbyggingar við Hraunstíg 2. Í viðbyggingu yrði geymsla á jarðhæð og svalir ofan á henni. Gengið út á svalir um nýja hurð á gafli hússins, þar sem áður var gluggi. Viðbygging er staðsett á austurhlið hússins og er málsett fjarlægð hennar frá lóðarmörkum 2.35m.

Umsögn:

Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi „Miðbær Hraun vestur“ er heimild til aukins byggingarmagns á lóðinni sem nemur stækkun um 8m² og fellur stækkun skv. umsókn innan þess ramma. Fjarlægð fyrirhugaðrar viðbyggingar frá lóðarmörkum er 2.35m skv. meðfylgjandi skissu og aðliggjandi hús liggur að þeim lóðarmörkum. Í ljósi þess er mælt með að umsækjandi ráðfæri sig við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins (Árni Ísberg) um afstöðu til nálægðar við lóðarmörk og aðliggjandi hús að Hverfisgötu 19b, frágang og eldvarnir. Erindið verði grenndarkynnt að uppfylltum skilyrðum SHS um eldvarnir .

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

4.7.2018